



FAS25080016



Greinargerð B-hluta

Við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar
janúar – júní 2025

Lagt fram í borgarráði
11. september 2025



Reykjavík

Efnisyfirlit

B-hluti2

 Faxaflóahafnir.....2

 Félagsbústaðir7

 Orkuveita Reykjavíkur12

 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.19

 SORPA bs.23

 Strætó.....27

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki34

B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.

Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

Faxaflóahafnir

Rekstrarniðurstaða


Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	Raun 06 2025	Áætlun	Frávik	%	Raun 06 2024	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.068	2.839	229	8,1%	2.694	374	13,9%
Rekstrargjöld	-2.131	-2.099	-33	1,6%	-1.998	-133	6,7%
EBITDA	936	740	196	26,5%	696	241	34,6%
Afskriftir	-455	-456	1	-0,2%	-445	-10	2,2%
EBIT	482	284	197	69,4%	251	231	92,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	143	80	63	78,8%	144	-1	-0,9%
Óreglulegir liðir (sala á bifreið)	3	0	3	n/a	6	-3	n/a
Rekstrarniðurstaða	627	364	263	72,1%	401	227	56,6%

Rekstur fyrstu sex mánuði ársins gekk vel og var rekstrarafgangur tímabilsins 627 m.kr. og var hann 227 m.kr. hærri en fyrir sama tímabil árið áður og 263 m.kr. yfir áætlun. Tekjur á tímabilinu voru 8,1% yfir áætlun og 13,9 % hærri en sama tímabil árið áður. Rekstrargjöld á tímabilinu hækkuðu um 6,7% milli ára og voru 2.131 m.kr. eða 133 m.kr. hærri en á fyrra ári. Í áætlun var gert ráð fyrir 2.099 m.kr. í rekstrargjöld og eru þau því 1,6% hærri en áætlað var. Afskriftir námu 455 m.kr. og eru 10 m.kr. hærri en fyrir ári síðan. Afskriftir voru á pari við áætlun.

Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnskostnaði námu 143 m.kr. á tímabilinu en voru 144 m.kr. árið áður.

Á tímabilinu var seld ein bifreið.

Þegar horft er til EBITDA hlutfalls er það yfir áætlun á tímabilinu. Fylgjast þarf vel með framþróun á þessari stærð enda mikilvægur mælikvarði til að sjá fyrir getu félagsins til að ráða við fjárfestingaþörf. Áskoranir félagsins felast meðal annars í að halda utan um rekstrarkostnað og ná hagkvæmum samningum við birgja samhliða auknum tekjum af farþegaskipum.



Rekstrarniðurstaða á svið félagsins

	2025	2024		2025	2024		2025	2024		2025	2024		2025	2024		2025	2024	
	Hafnarþjónusta	Breyting	Hafnarvirki	Breyting	Eignaleiga	Breyting	Stjórnun & Framkv.	Breyting	Samtals	Breyting								
Rekstrartekjur	874	752	16,1%	1.518	1.276	19,0%	676	665	1,6%	0	0	n/a	3.068	2.694	13,9%			
	874	752	16,1%	1.518	1.276	19,0%	676	665	1,6%	0	0	n/a	3.068	2.694	13,9%			
Laun og tengd gjöld	-378	-369	2,4%	-274	-295	-7,1%	-62	-27	128,6%	-260	-218	19,6%	-974	-909	7,2%			
Rekstrarkostnaður	-395	-386	2,5%	-290	-239	21,2%	-211	-227	-6,9%	-63	-67	-6,5%	-959	-918	4,4%			
Stjórnunarkostnaður	-21	-20	5,7%	-13	-14	-11,3%	-13	-2	449,3%	-152	-135	12,8%	-198	-171	15,9%			
	-795	-775	2,6%	-576	-548	5,1%	-286	-256	11,6%	-475	-420	13,2%	-2.131	-1.998	6,7%			
Hlutdeild í stjórnunarkostnaði	-143	-56		-190	-74		-143	-56		475	186		0	0				
	-63	-78	-18,8%	752	654	15,0%	247	353	-30,0%	0	0		936	696	34,6%			

Tekjur hafnarþjónustu hækkuðu um 16,1% m.v. sama tímabil árið áður og er helsta ástæðan að veðurofsi á fyrri part árs kallaði á aukna þjónustu dráttarbáta. Laun og tengd gjöld lækkuðu um 2,4% en rekstrarkostnaður hækkaði um 2,5% milli tímabila. Tekjur af hafnarvirkjum hækkuðu um 19% á milli ára og er hækkun samningsverða vörugjalda við stóriðju á Grundatanga hér stærsti liðurinn. Laun og tengd gjöld lækkuðu á milli ára en dreifing á vinnu við viðhaldsverkefni geta færst á milli sviða. Rekstrarkostnaður jókst og hér má nefna sérstaklega öryggisráðstafanir sem gerðar eru vegna framkvæmda á Skarfabakka. Einnig geta sérgreind rekstrarverkefni hreyfst á milli tímabila en félagið er enn í viðhaldsskuld. Tekjur af eignaleigu hækkuðu í takt við verðbreytingar á fasteignamati og byggingavísitölu. Laun og tengd gjöld voru undir áætlun en hér geta liðir hliðrast til vegna rekstrarverkefna sem dreifast á milli deilda félagsins. Rekstrarkostnaður var hærri en á fyrra ári en rekstrar- og fjárfestingaverkefni sviðsins hreyfast nokkuð á milli tímabila.

Laun stjórnar- og framkvæmdasviðs hækkuðu á milli tímabila miðað við sama tíma í fyrra en aukið var um eitt stöðugildi á tímabilinu. Rekstrar- og stjórnunarkostnaður var samtals svipaður og árið á undan.

Rekstrartekjur


Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	Raun 06 2025	Áætlun 06 2025	Raun 06 2024	Raun 06 2023	Raun 06 2022	Raun 06 2021
Vörugjöld	946	817	771	643	730	589
Aflagjöld	98	104	99	116	161	62
Skipagjöld	417	379	359	438	281	202
Farþegagjald	58	52	48	39	23	0
Eignatekjur	676	685	665	527	561	530
Hafnarþjónusta	646	587	559	448	417	258
Siglingavernd	227	215	193	174	178	119
Tekjur samtals	3.068	2.839	2.694	2.385	2.352	1.759

Síðustu árin hafa rekstrartekjur verið að aukast nokkuð á milli tímabila og það sama á við um fyrstu sex mánuði ársins 2025. Flestir tekjuliðir hækka milli ára, en aflagjöld lækka, en erfitt er að spá fyrir veiði auk þess sem gögn frá Fiskistofu birtast yfirleitt mjög seint. Skipagjöld eru aðeins yfir áætlun þrátt fyrir að fjöldi koma hafi ekki aukist en viðlega var almennt lengri. Vöruflutningar um hafnarsvæði eru svipaðir og árið áður en stóriðjusamningar á Grundartanga skila inn auknum tekjum. Siglingavernd er reiknuð


stærð af vörugjöldum og farþegakomum og fylgir sú tekjuaukning ofangreindum liðum ásamt áhrifa af uppfærslum gjaldskrár varðandi skimunarþjónustu.

Þegar horft er til hlutfallsskiptingar tekna, eru vörugjöld og eignatekjur áfram stærstu liðir tekna en hafnarþjónustan kemur þar fast á eftir. Á myndunum hér fyrir neðan sést þróun rekstrartekna eftir tekjuflokkum og hlutfallsskipting þeirra á fyrir fyrri helmingi ársins .

Þróun rekstrartekna milli ára eftir flokkum




Hlutfall á milli rekstrartekjuflokka á tímabilinu [m.kr.]




Skipa- og farþegagjöld og tekjur af hafnarþjónustu og siglingavernd

Hlutfall tekna í % eftir tegundum skipa



Hlutfall koma í % eftir tegundum skipa



Skipagjöld og hafnarþjónusta skiluðu samanlagt 1.063 m.kr. í tekjur, sem er 145 m.kr. hærra en árið áður. Eins og greinir hér að ofan var umferð flutningaskipa svipuð og árið áður en skip lágu almennt lengur við bryggju og skilaði það aukatekjum. Það sama á við komur farþegaskipa, að þó þeim hafi fækkað á tímabilinu er töluverð aukning í farþegaskiptum og tekjum í tengdri þjónustu við skipin. Flutningaskip eru þó áfram langstærsti tekjuliðurinn þegar horft er til flokkunar eftir tegundum skipa.

Eignatekjur og aðrar tekjur

Leigutekjur af lóðum og fasteignum sem jafnframt mynda stofn eignatekna lækka milli tímabila og en fækkun í skammtímaleigu og útleigu á eignum og breytingar því tengdu skýra lækkunina. Flestar eignir félagsins eru í langtímaútleigu.

Rekstrargjöld

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	Raun 2025 06	Áætlun 2025 06	Raun 2024 06	Raun 2023 06	Raun 2022 06	Raun 2021 06
Laun og tengd gjöld	974	971	909	817		
Rekstrarkostnaður	937	932	785	686		
Stjórnun	220	195	304	194		
Gjöld samtals	2.131	2.099	1.998	1.697	1.392	1.092

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. á fyrri helmingi ársins voru 2.131 m.kr. Laun hækkuðu í takt við samningsbundnar launahækkanir á milli tímabila. Útgjöld félagsins ráðast hins vegar ekki eingöngu af verðlagi heldur

einnig sértækum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Helstu viðhaldsverkefni á tímabilinu eru eftirfarandi (m.kr.):

Farþegaaðstaða á hafnarbökkum 41,2 m.kr.

Rekstur farþegamiðstöðvar er fjárfrekur en hægt var að hagræða nokkuð á milli ára við undirbúning á uppsetningu á aðstöðu vorið 2025 með góðum frágangi á tækjum og búnaði á síðasta ári.

Endurbætur á aðstöðu hafnarþjónustu Hafnarhúsi 27,3 m.kr.

Endurbótum á aðstöðu hafnarþjónustu í höfuðstöðvum var lokið á tímabilinu en hún var komin til ára sinna því nauðsynlegt að gera breytingar á húsnæðinu til að betrubæta vinnuaðstöðu starfsfólks en auk þess að fjárfest var í nýjum húsgögnum fyrir aðstöðuna

Akranes - flutningur á starfsaðstöðu

Á tímabilinu var aðstaða hafnarþjónustu á Akranesi færð á Faxabraut 5 til hagræðingar. Í apríl fór eldra aðstöðuhúsnæði við Faxabraut 1 í útleigu.

Ægisgarður viðhald 72,1 m.kr.

Unnið var að þilviðgerðum á Ægisgarði. (komið hafa í ljós göt á stálpilinu) Þessari viðgerð er ekki enn lokið. Auk þess hefur verið unnið að því að setja upp fórnarsink á þilið sem hamla tæringu á þilinu. Viðgerðin er á lokastigi.

Viðgerð á Tangabakka 19,1 m.kr.

Áframhald var á vinnu við lagfæringar á Tangabakka en hækka þarf kantinn þar sem hann er ekki nægilega hár og sjór flæðir yfir bryggjuna og geymslusvæðin.

Viðhald á hafnarbökkum 92,4 m.kr.

Almennt viðhald á hafnarbökkum, mest vinna er tengd Skarfabakka, Kleppsbakka og Miðbakka.


Viðhald á húseignum 19,5 m.kr.

Almennt viðhald á húseignum, mest vinna er tengd þjónustumiðstöðvum félagsins og húseignum í útleigu.


Snjóhreinsun og hálkueyðing 31,5 m.kr.

Töluverður kostnaður fer í að halda hafnarsvæðum og götum hafnarinnar hreinum frá snjó og háлку.

Þróun á rekstrargjöldum [m.kr.]



Gjöld sem hlutfall af tekjum



Launakostnaður¹

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]						Fjöldi stöðugilda			
Greidd laun á tímabilinu	2025 06	2024 06	Breyting milli ára	Breyting í % milli ára		2025 06	2024 06	Breyting milli ára	Breyting í % milli ára
Hliðgæsla	46	43	3	7,1%		5	5	0	0,0%
Bækistöð	141	141	0	0,1%		16	17	-1	-5,9%
Húseignir	10	13	-3	-23,3%		1	2	-1	-50,0%
Skipaleiðsögn	143	133	10	7,2%		13	13	0	0,0%
Hafnsögubátar	233	224	10	4,4%		21	20	1	5,0%
Hafnarþjónusta	130	136	-6	-4,5%		10	11	-1	-9,1%
Hafnarstjórn	14	14	0	0,3%		7	7	0	0,0%
Skrifstofa	214	182	33	17,9%		21	20	1	5,0%
Laun samtals	932	886	46	5,2%		94	95	-1	-1,1%

meginútgjaldaliður félagsins.

Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2025	31.12.2024	Breyting ársins	%
Fastafjármunir	16.151	15.117	1.034	6,4%
Veltufjármunir án handb.fjár	1.036	427	609	58,8%
Handbært fé	3.854	4.821	-967	-25,1%
Eignir samtals	21.040	20.365	676	3,2%
Eigið fé	19.149	19.691	-542	-2,8%
Langtímaskuldir	0	0	0	
Næsta árs afborganir langt. skulda	0	0	0	
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	1.891	674	1.217	64,4%
Skuldir samtals	1.891	674	1.217	64,4%
Skuldir og eigið fé samtals	21.040	20.365	676	3,2%

langtímaskuldir. Skammtímaskuldir í árslok eru 1.217 m.kr. hærri en um áramótin eða 64,4%. Helsta ástæða þessa er að reiknuð arðgreiðsla sem lækkar eigið fé og hækkar skammtímaskuldir.

Sjóðstreymi 30.06.2025 (m.kr.)

Handbært fé lækkar frá áramótum um 967 m.kr. og nam í lok tímabil 3.854 m.kr.

Fjárhagsleg staða félagsins er mjög sterk og félagið er vel í stakk búið til að mæta framtíðarskuldbindingum.

Veltufé frá rekstri var jákvætt um 1.079 m.kr.Breytingar rekstartengdra eigna og skulda nam 596 m.kr. innstreymi. Fjárfestingar nettó voru 1.486 m.kr. frá áramótum en þar af námu nýfjárfestingar 1.491 m.kr. og með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum. Handbært fé lækkaði um 967 m.kr á tímabilinu og var í lok tímabils 3.854 m.kr.

Fjárfestingaverkefni á tímabilinu Fjárfestingar á fyrri helmingi ársins hafa verið meiri en á sama tímabili í fyrra. Það skýrist að mestu leyti af því að tvö umfangsmikil verkefni sem hófust á síðasta ári eru enn í framkvæmd og munu halda áfram fram á næsta ár og er hér um að ræða byggingu nýrrar farþegamiðstöðvar á Skarfabakka og lengingu á aðalhafnagarði á Akranesi. Auk þess hafa ný framkvæmdaverkefni verið sett af stað og er gert ráð fyrir að þau verði í gangi áfram á árinu.


Farþegamiðstöð á Skarfabakka 876,8 m.kr.

Heildarlaunakostnaður hækkaði úr 886 m.kr. í 932 m.kr. eða samtals 46 m.kr. milli ára eða 5,2%. Farið var í tímanlega í ráðningar en lærdómur fyrra árs og frágangur á búnaði um haustið sparaði töluvert í mannafla. Að auki halda Faxaflóahafnir úti sólarhringsvöktum í hafnarþjónustu og hafnargæslu á Grundartanga. Fjöldi stöðugilda lækkaði um 1 milli ára. Launakostnaður er einn

Efnahagur félagsins er sterkur og námu heildareignir félagsins 21.040 m.kr. í lok tímabilsins og hækkuðu þær um 3,2% á frá áramótum.

Fastafjármunir hækka um 1.034 m.kr. eða 6,4% á tímabilinu og veltufjármunir án handbærs fjár um 58,8% eða 609 m.kr. Sjóðsstaða félagsins er sterk en lækkaði um 967 frá áramótum.

Eigið fé lækkar um 542 m.kr. eða 2,8% frá áramótum og er félagið ekki með neinar



Fjárfestingar og skipting framkvæmda eftir hafnarsvæðum [m.kr.]	Raun 06 2025	2025_Á	Raun 2024 06
Gamla höfnin	54	235	172
Sundahöfn	923	2.905	445
Grundartangi	231	325	4
Akranes	254	510	72
Borgarnes	0	5	0
Annað	29	395	126
Fjárfestingar samtals	1.491	4.375	819

¹ Taflan sýnir beinan launakostnað úr launakerfi.

Framkvæmdir við nýja farþegamiðstöð á Skarfabakka héldu áfram á tímabilinu og ganga vel og eru á áætlun.

Lenging aðalhafnargarða á Akranesi 246,6 m.kr.

Unnið var áfram að framkvæmdum vegna lengingar á aðalhafnargarði á Akranesi.

Hækkun baksvæðis Tangabakka 193,8 m.kr.

Undirbúningur hófst á frágangi á nýju farmsvæði á baksvæði Tangabakka á Grundartanga en bakkinn er of lágur og gengur sjór yfir hann. Áætlað er að frágangur með malbikun klárast í sumar.

Nýjar kerbrota- og flæðigryfjur 31,2 m.kr.

Áframhald var á vinnu við nýjar kerbrota- og flæðigryfjur á Grundartanga en þeim er ætlað að taka við úrgangi frá stóriðju á svæðinu.

Endurnýjun lýsingar 31,1 m.kr.

Unnið var að endurnýjun lýsingar á nokkrum stöðum, meðal annars í Vesturhöfn (7 m.kr.) og á Akranesi (7 m.kr.). Fleiri svæði eru á áætlun á árinu í þessu verkefni.

Eftirfarandi tafla dregur saman helstu **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir janúar – júní árin 2021-2022:

Faxaflóahafnir	2021_06	2022_06	2023_06	2024_06	2025_06
Eiginfjárlutfall	96,0%	97,3%	96,3%	96,3%	91,0%
Arðsemi eigin fjár*	4,0%	6,3%	2,7%	4,7%	6,3%
Veltufjárlutfall	2,77	8,84	7,45	6,57	2,59
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	40,2%	41,3%	46,3%	32,4%	35,2%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	37,9%	40,8%	28,9%	26,9%	30,5%

* Við útreikning þessarar kennitölu eru óreglulegar tekjur dregnar frá.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Hagnaður af reglulegri starfsemi (EBIT) var 482 m.kr sem var 231 m.kr. betri niðurstaða á fyrri helmingi síðasta árs eða en árið 2024 eða um 92% hækkun.
- Kennitölur félagsins endurspeglar styrk félagsins. Eiginfjárlutfallið er mjög sterkt og hefur félagið getu til að standa af sér mótbyr.
- Veltufjárlutfallið er mjög sterkt 2,59 en miðað er við að það hlutfall fari ekki undir 1.
- Engin langtímalán eru á félaginu.
- Vegna uppgjors reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir 75% hlut borgarinnar í rekstri Faxaflóahafna:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri Faxaflóahafna sf.	Raun 2025_06	Raun 2024_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.318	2.035	282	13,9%
Rekstrargjöld	-1.610	-1.510	-101	6,7%
EBITDA	707	526	182	34,6%
Afskriftir ársins	-343	-336	-7	2,2%
EBIT	364	189	175	92,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	108	109	-1	-0,9%
Óreglulegir liðir (tekjur)	2	4	-2	n/a
Rekstrarniðurstaða	474	303	171	56,6%

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Mikilvægt er að halda áfram rýningu á fjármagnsskipan Faxaflóahafna með hliðsjón af kröfum eigenda um arðsemi og arðgreiðslustefnu.

Félagsbústaðir

Árs- og árshlutauppgjör Félagsbústaða eru gerð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Félagsbústaðir hf. (m.kr.)	Raun 2025_06	Raun 2024_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.651	3.475	176	5,1%
Rekstrargjöld	-1.978	-1.848	-130	7,0%
Framlegð (EBITDA)	1.673	1.627	46	2,8%
Matsbreyting fjárfestingaeigna	7.204	1.567	5.637	359,6%
Afskrift eigna til eigin nota	-8	-9	0	-2,9%
Hrein fjármagnsgjöld	-2.334	-2.831	497	-17,5%
Rekstrarniðurstaða	6.534	355	6.179	1742,1%

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Rekstur

Rekstrartekjur Félagsbústaða á fyrstu 6 mánuðum 2025 námu 3.651 m.kr. og jukust um 5,1% milli ára en hækkunina má rekja til verðlagsbreytinga og stækkunar eignasafnsins. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 2,5% á fyrstu 6 mánuðum 2025 og hefur hækkað um 4,2% sl. 12 mánuði.


Rekstrargjöld voru 1.978 m.kr. eða 130 m.kr. (7,0%) hærri en árið áður. **Rekstur fasteigna** var 20 m.kr. (5,9%) hærri en árið áður. **Viðhald og framkvæmdir** voru 67 m.kr. (9,1%) hærri en árið áður og **Fasteigna og brunabótaiðgjöld** voru 17 m.kr. (6,9%) hærri en árið áður. Nær allir liðir viðhalds og framkvæmda eru á sambærilegum slóðum og árið áður að undanskildum liðnum annað, en undir þann lið falla einna helst endurbætur sem oft eru eignfærðar. Ekki hefur verið tekin afstaða til eignfærslu á þessum kostnaði og því ekki útilokað að liðurinn lækki eftir því sem líður á árið ef ákveðið verður að eignfæra hluta kostnaðar.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var 265 m.kr. á tímabilinu eða 26 m.kr. hærri en á sama tíma í fyrra. **Launakostnaður** hækkaði um 6,5% milli tímabila vegna launahækkana og aukningar á stöðugildum. **Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** var 15 m.kr. hærri en á sama tímabili árið 2024. Framlag í **afskriftarreikning viðskiptakrafna** var 22 m.kr. eða 5 m.kr. lægri en á sama tíma í fyrra. Afskriftir viðskiptakrafna eru nokkuð sveiflukenndar en hafa verið tæplega 1% tekna undanfarin ár.

Gjöld eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2025_06	Raun 2024_06	Breyting	%
Rekstur og viðhald eignasafns				
Rekstur fasteigna	360	340	20	5,9%
Viðhald og framkvæmdir	806	738	67	9,1%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	435	418	17	4,0%
Rekstur og viðhald eignasafns alls	1.601	1.497	104	6,9%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður				
Laun og launatengd gjöld	265	249	16	6,5%
Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður	90	75	15	20,2%
Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur	22	27	-5	-20,0%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	377	351	26	7,4%
Rekstrargjöld alls:	1.978	1.848	130	7,0%

Viðhald og framkvæmdir (í m.kr.)	Raun 2025_06	Raun 2024_06	Breyting	%
Standsetningar milli leigjenda	247	252	-5	-1,8%
Viðhald íbúða í búsetu (ófyrriséð viðhald)	166	156	10	6,5%
Viðhald sameigna	150	153	-2	-1,6%
Framkvæmdagjöld húsfélaga	182	171	11	6,1%
Annað	61	7	54	781,5%
Viðhald og framkvæmdir alls:	806	738	67	9,1%

Rekstrarhagnaðarhlutfall (EBITDA%) er 45,8% eða 1,0% lægra en á sama tíma í fyrra.



Efnahagur og eignasafn


Efnahagur (m.kr.)	30.6.2025	31.12.2024	Breyting	%
Fastafjármunir	169.841	161.497	8.344	5,2%
Veltufjármunir án handb.fjár	848	1.151	-303	-26,3%
Handbært fé	9	46	-37	-81,1%
Eignir samtals	170.698	162.695	8.003	4,9%
Eigið fé	92.961	86.427	6.534	7,6%
Skuldbindingar	12.459	11.532	927	8,0%
Langtímaskuldir	62.688	62.120	568	0,9%
Næsta árs afborganir langt. skulda	1.648	1.655	-7	-0,4%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	942	961	-18	-1,9%
Skuldir og skuldbindingar samtals	77.737	76.268	1.469	1,9%
Skuldir og eigið fé samtals	170.698	162.695	8.003	4,9%

Fastafjármunir félagsins námu 169.841 m.kr. við lok júní 2025 og jukust um 5,2% frá upphafi árs. Fjárfestingaeignir jukust um 5,2% eða 8.351 m.kr., fjárfest var fyrir 604 m.kr., leigugeignir jukust um 2 m.kr. og matsbreyting nam 7.745 m.kr. Við útreikning á verðmæti fjárfestingareigna er reiknuð út niðurfærsluþörf eigna vegna samspils kvaða sem á eignunum hvíla um uppsagnarfrest á bæði tímabundnum og ótímabundnum leigusamningum og svo mismunar á markaðsleigu og þeirrar leigu sem Félagsbústaðir innheimta auk þess sem einnig er tekið tillit til sérhæfðra eigna sem mögulega þyrfti að breyta eða gefa afslátt af ef kæmi til sölu á almennum markaði. Niðurfærslan var metin 3.666 m.kr. við lok tímabilsins.


Eigið fé hefur hækkað um tæplega 6.534 m.kr. frá ársbyrjun 2025 sem skýrist af matsbreytingu fjárfestingareigna á árinu. Eiginfjárlutfall í tímabilsins er 54,5% en var 53,1% í lok árs 2024.

Félagsbústaðir festu kaup á 8 nýjum íbúðum á fyrstu 6 mánuðum ársins 2025, 1 íbúð var seld á tímabilinu.

Leiguhúsnaði, 3.120 íbúðir skipting:




Sjóðstreymi



Tekið var eitt lán hjá Húsnaðis- og mannvirkjastofnun að fjárhæð 86 m.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins 2025 þá félagið fékk greidd stofnframlög frá ríki og Reykjavíkurborg alls 484 m.kr.


Veltufé frá rekstri síðastliðin 5 ár:



Veltufé frá rekstri² sem hlutfall af afborgunum er vel yfir 1 fyrir fyrstu 6 mánuði ársins líkt og árið áður. Að undanskildu árinu 2023 hefur hlutfallið haldist stöðugt yfir einum á fyrri helmingi árs frá árinu 2021. Þegar hlutfallið er yfir 1 þýðir það að veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum langtímalána félagsins. Æskilegt er að þetta hlutfall sé ávallt yfir 1,0.

Fjármögnun fjárfestinga síðastliðin 5 ár:

Fjárfestingar Félagsbústaða eru fjármagnaðar með lántöku og stofnframlögum. Félagið tók lán hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 474 m.kr., undir lok árs 2024. Það sem af er ári 2025 hefur félagið tekið eitt lán hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun að fjárhæð 86 m.kr.



² Athygli er vakin á því að veltufé frá rekstri í þessari greinargerð miðast við veltufé frá rekstri skv. hefðbundinni aðferð og þeirri aðferð er beitt fyrir öll B-hlutafélögin. Í ársreikningi Félagsbústaða er í sjóðstreymi sýnt veltufé frá rekstri án greiddra vaxta.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða tímabilin janúar-júní árin 2021-2025 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2021_06	2022_06	2023_06	2024_06	2025_06	Markmið
Eiginfjárhlutfall	51,7%	57,4%	54,0%	53,3%	54,5%	
Veltufjárhlutfall	0,82	0,40	0,15	0,15	0,33	
Vaxtaþekja, EBITDA/netto vextir	2,27	2,30	1,85	2,47	2,36	1,4
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)	1,10	1,05	0,84	1,12	1,08	0,9
Uppgreiðslutími	36	40	59	32	33	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af greiddum afborg.	1,21	1,09	0,70	1,24	1,16	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	27,8%	24,9%	15,8%	28,3%	26,4%	

EBIT án matsbreytingar fjárfestingareigna*

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Jákvæða rekstrarniðurstöðu félagsins á fyrstu 6 mánuðum 2025 og hækkun eigin fjár má rekja til matsbreytingar fjárfestingareigna. Matsbreyting fjárfestingareigna á tímabilinu nam 7.204 m.kr. samanborið við 1.567 m.kr. á sama tíma í fyrra og 597 m.kr. á sama tíma árið 2023.
- Við mat á verðmæti eigna félagsins er annars vegar stuðst við fasteignamat 2026 á íbúðum félagsins sem miðast við verðlag í febrúar 2025 og hins vegar er miðað við 0,001% lækkun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til loka júní 2025. Í því felst sú forsenda að verðmæti eigna félagsins fylgir þessari vísitölu. Reynist raunin önnur getur það kallað á leiðréttingu á mati á eignasafnsins við útgáfu næsta fasteignamats.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBITDA) sem hækkaði um 2,8% á milli ára, en tekjur hækkuð um 5,0% á meðan rekstrargjöld hækkuðu um 7,0%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysluverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- Veltufé frá rekstri nam 964 m.kr. á fyrstu 6 mánuðum 2025 og er hærra en afborganir langtímalána á tímabilinu sem námu 833 m.kr. Afborganir lána hafa hækkað um 5,5% milli ára vegna verðbólgu og vegna þess að stór hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxtaþekja lækkaði í 2,36 og skuldaþekja lækkaði einnig í 1,08 fyrstu 6 mánuði 2025 (2,47 og 1,12 við lok júní 2024). Vaxtaþekja er yfir lágmarki sem er 1,4 og skuldaþekja er einnig yfir lágmarki sem er 0,9. Vaxtaþekja lýsir hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta og skuldaþekja mælir greiðsluhæfi fyrirtækis.
- Tekið var eitt lán hjá Húsnaðis- og mannvirkjastofnun að fjárhæð 86 m.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins. Stofnframlög frá ríki og borg á tímabilinu námu samtals 484 m.kr. Útistandandi krafa vegna ógreiddra stofnframlaga frá ríki stóð í 130 m.kr. við lok júní 2025.


Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Mikilvægt er að tryggja sterkt veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna eykur þrýsting á hækkun leigu.
- Unnið er að endurskoðun á rekstrarlíkani Félagsbústaða með hliðsjón að því að tryggja sjálfbærni félagsins. Mikilvægt er að niðurstöður þeirrar vinnu liggi fyrir sem fyrst.

Orkuveita Reykjavíkur (m.kr.)	Raun 2025 H1	Raun 2024 H1	Breyting	%
Rekstrartekjur	34.397	33.424	973	2,9%
Rekstrargjöld	-14.162	-13.822	-340	2,5%
EBITDA	20.235	19.602	632	3,2%
Afskriftir	-8.557	-8.316	-241	2,9%
EBIT	11.677	11.286	391	3,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-6.335	-6.359	24	-0,4%
Tekjuskattur	-441	-663	221	-33,4%
Afkoma	4.904	4.269	635	14,9%

Rekstrarniðurstaða tímabilsins var jákvæð um 4.904 m.kr. sem er hækkun um 635 m.kr. á milli ára. Meginskýring á hækkun afkomu er vegna hækkunar á tekjum eða um 973 m.kr. á meðan kostnaður hækkar um 340 m.kr. á sama tímabili. Fjármagnsgjöld standa nánast í stað milli ára.

Rekstrarafkoma (EBITDA) hækkar um 632m.kr (3,2%) á milli tímabila.




Rekstrartekjur hækkuðu um 973 m.kr. eða 2,9% milli tímabila. Hækkun tekna skýrist helst af auknum tekjum af rafmagni s.s. vegna gjaldskrárhækkana og aukinni sölu til stórnotenda. Lækkun hefur verið á tekjum af heitu vatni vegna minni notkunar í heitu vatni og hækkun tekna í annarri starfsemi að mestu tengd hækkun á tekjum Ljósleiðarans.

Tekjur eftir starfspáttum (í mkr)	Raun 2025 H1	Raun 2024 H1	Mism.	%
Veitur	21.800	21.271	530	2,5%
Orkusala og framleiðsla	9.464	9.126	338	3,7%
Önnur starfsemi	3.133	3.028	105	3,5%
	34.397	33.424	973	2,9%

Tekjur skiptast á þrjá starfspætti: Veitur, orkusölu og framleiðslu og aðra starfsemi. Framleiðsla og sala raforku sem og starfsemi Ljósleiðarans falla undir samkeppnisrekstur og nema tekjur af honum 36,1% af heildartekjum Orkuveitunnar.


í m.kr.



Rekstrargjöld án afskrifta hækka um 340 m.kr. milli tímabila eða 2,5%. Orkukaup og flutningur lækka um 564 m.kr. sem skýrist að stærstum hluta af endurgreiðslu á ólögsmætu innmötunargjaldi. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 516 m.kr. og skýrist meðal annars af fjölgun starfsmanna, kjarasamningshækkunum, innvistun, auknum umsvifum og uppbyggingar á starfsemi í Carbfix. Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 389 m.kr. sem skýrist að stærstu leyti af aðkeyptri ráðgjafþjónustu vegna aukinnar orkuöflunar, uppbyggingu á starfsemi Carbfix, úthlutun Vísinda- og frumkvöðlasjóðs Orkuveitunnar fyrir á árinu 2025 og verðlagstengdum hækkunum.

Rekstrargjöld (í m.kr.)	Raun 2025 H1	Raun 2024 H1	Mism.	%
Orkukaup og flutningar	3.230	3.794	-564	-14,9%
Laun og launatengd gjöld	5.805	5.290	516	9,7%
Annar rekstrarkostnaður	5.126	4.738	389	8,2%
	14.162	13.822	340	2,5%

í m.kr.



Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld og greiddar verðbætur hækkuðu um 350 m.kr. samanborið við fyrra tímabil. Áfallnar verðbætur lækka um 588 m.kr. milli tímabila en nema tæpum 3,5 ma.kr. á tímabilinu. Vaxtatekjur hækkuðu um 393 m.kr á tímabilinu. Samtals gerir þetta lækkun um 631 m.kr. á vaxtagjöldum og verðbótum á tímabilinu.

Gengismunur lækkaði um 462 m.kr og aðrar fjármagnstekjur hækkuðu um 68 m.kr. samanborið við sama tímabil.

Gangvirðis breytingar voru jákvæðar um 389 m.kr. á tímabilinu en jákvæðar um 602 m.kr. á sama tímabili 2024.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (m.kr.)	Raun 2025 H1	Raun 2024 H1	Mism.	%
Vaxtagjöld og verðbætur	-6.932	-7.563	631	-8,3%
Gangvirðisbreytingar	389	602	-213	-35,4%
Gengismunur	216	678	-462	-68,1%
Annað	-8	-76	68	-89,2%
Samtals	-6.335	-6.359	24	-0,4%

Efnahagur

Heildareignir félagsins voru 508,4 ma.kr. í lok tímabilsins og hafa lækkað um 1,6 ma.kr. á tímabilinu. Fjárfest var fyrir 13,1 ma.kr. í rekstrarfjármunum en á móti námu afskriftir 8,6 ma.kr. Þýðingarmunur vegna eigna félaga í samstæðunni með starfrækslugjaldmiðil í erlendri mynt nam 8,9 ma.kr. sökum styrkingar íslensku krónunnar. Leigueignir námu 2,4 ma.kr. í lok tímabilsins, á móti er færð leiguskuld, samtals 2,5 ma.kr.

Veltufjármunir námu samtals 46,5 ma.kr. og hækka um 7,5 ma.kr. frá áramótum.

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2025	31.12.2024	Breyting	%
Fastafjármunir	461.812	470.877	-9.065	-1,9%
Veltufjármunir án handb.fjár	11.509	11.043	466	4,2%
Handbært fé, b. innlán og markaðsv.br.	35.034	28.032	7.002	25,0%
Eignir samtals	508.356	509.953	-1.597	-0,3%
Eigið fé	255.252	265.732	-10.480	-3,9%
Langtímaskuldir	215.433	212.683	2.750	1,3%
Næsta árs afborganir skt. skulda	19.755	19.959	-204	-1,0%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	17.915	11.578	6.337	54,7%
Skuldir samtals	253.103	244.221	8.883	3,6%
Skuldir og eigið fé samtals	508.356	509.953	-1.597	-0,3%

Heildarskuldir félagsins voru 253,1 ma.kr. í lok tímabilsins og hækkuðu um 8,9 ma.kr., þar af hækka langtímaskuldir um 2,8 ma.kr. Heildarafborganir lána námu 11,4 ma.kr., lántökur 16,6 ma.kr. og áfallnar verðbætur tímabilsins námu 3,5 ma.kr. Nettóskuldir voru 173 ma.kr. í lok tímabilsins, þegar handbært fé, bundin innlán, og markaðsverbréf eru dregin frá vaxtaberandi skuldum.

	2025 H1
Vaxtaberandi skuldir 1. jan	204.557
Hreyfingar með greiðsluáhrif	
Ný lántaka	16.582
Afborganir	-11.365
Hreyfingar án greiðsluáhrifa	
Verðbætur og gengismunur	-1.751
Vaxtaberandi skuldir 30.06.25	208.024

Langtímaskuldir (í m.kr.)	Raun 2025 H1	Raun 2024 H1	Mism.	%
Langtímaskuldir í innlendri mynt	151.784	148.180	3.604	2,4%
Langtímaskuldir í erlendri mynt	56.240	56.377	-137	-0,2%
	208.024	204.557	3.467	1,7%


Sjóðstreymisýfirlit

Sjóðsstreymisýfirlit gefur glögga mynd af raunverulegu peningastreymi til og frá fyrirtækinu og sýnir hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé á tímabilinu.

Veltufé frá rekstri á tímabilinu nam 15.867 m.kr. samanborið við 14.556 m.kr. á sama tímabili 2024. Veltufé án vaxta og skatta eykst um 612 m.kr. á milli ára.

Myndin hér fyrir neðan sýnir breytingu á handbæru fé þar sem grænar súlur sýna fjárstreymi inn í sjóð og rauðar súlur sýna fjárstreymi úr sjóði. Dökka súlan lengst til vinstri sýnir handbært fé í upphafi árs 2025 og sú sem er lengst til hægri í lok júní 2025.

Bundnar innstæður og markaðsverðbréf í lok tímabilsins voru 14,4 ma.kr. og eru ekki taldar með handbæru fé í lok tímabils í grafinu hér að neðan.



Eignabreytingar

Fjárfesting **Veitna og VoF³** nam 7,2 ma.kr. á tímabilinu.

- Hjá hitaveitunni voru helstu fjárfestingar í Suðuræð 1 (Lækjargata – Krísuvíkurvegur), í áframhaldandi innleiðingu snjallmæla, í borun pilot holu á Kjalarnesi, í tæringarvörnum og stálviðgerðum á geymi 2 og 3 í Grafarholti ásamt borun undanfara- og/eða sporgönguholu í Nefsholti.
- Hjá vatnsveitunni voru helstu fjárfestingar í færslu lagna í Orkureit, í Flóahverfi sem er iðnaðarsvæði á Akranesi, í lýsingartæki í Svelgsárhrauni, í bættum brunavörnum í Múlum og Skeifunni ásamt áfanga 1 í uppbyggingu svæða á Ártúnshöfða.
- Hjá fráveitunni voru helstu fjárfestingar í færslu lagna í Orkureit, í Flóahverfi sem er iðnaðarsvæði á Akranesi og í endurnýjun Snæfellsvegar ásamt yfirtöku tenginga í fráveitu.
- Í rafmagnsdræifingu voru helstu fjárfestingar í endurnýjun og breytingum á rafbúnaði í dreifistöðvum ásamt endurnýjun á 11kv búnaði í A2, í áframhaldandi innleiðingu snjallmæla og endurnýjun háspennustrengja.

Fjárfesting **Orku náttúrunnar** nam 2,7 ma.kr.

- Helstu verkefni Orku náttúrunnar eru undirbúningur og framkvæmd fyrir borun 8 nýrra vinnsluhola, 3 holur á Nesjavöllum, 1 á Hellisheiði og 4 í Hverahlíð. Vinnsluhola NJ-37 á Nesjavöllum var boruð á tímabilinu og er því komin lengst á veg.
- Mikil uppbygging er í hleðsluþjónustu um land allt, bygging varmastöðvar og verkstæðis- og lagerbygging á Hellisheiði.
- Þarfagreining og hönnun húsnæðis fyrir nýsköpunarkjarna í Jarðhitagarði (Glóð).

Önnur fjárfesting nam 3,0 ma.kr.

- Helstu fjárfestingar eru í áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfis, uppbygging Carbfix og endurbygging á höfuðstöðvum Orkuveitunnar við Bæjarháls.

³ VoF: Vatns- og fráveita

Lánshæfismat og fjármögnun

Orkuveitan er með lánshæfismat í fjárfestingarflokki hjá matsfyrirtækinu Moody's.


Moody's	
Langtímaeinkunn	Baa3
Horfur	Stöðugar
Útgáfudagur	September 2021
Lánshæfi uppfært	Október 2024

Þróun lykilstærða

Orkuveitan er með lánshæfismat Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** OR tímabilið janúar- júní árin 2021-2025:

Orkuveita Reykjavíkur	2021 1H	2022 1H	2023 1H	2024 1H	2025 H1	Arðgreiðsluskilyrði
Eiginfjárlutfall	49,4%	52,9%	53,0%	52,4%	50,2%	≥ 40%
Arðsemi eigin fjár	9,7%	4,7%	1,3%	3,4%	3,8%	
Veltufjárlutfall	1,7	1,2	1,1	1,2	1,2	≥ 1
Vaxtaþekja	7,1	3,3	5,1	5,4	5,4	≥ 3,5
ROCE	5,4%	5,6%	4,7%	4,8%	4,8%	
Nettó skuldir/handbært fé frá rekstri	4,6	6,2	5,3	4,7	5,6	
Handbært fé frá rekstri/Nettó skuldir	21,9%	16,2%	18,7%	18,5%	17,9%	≥ 13%
RCF/nettó skuldir	21,9%	16,2%	15,2%	14,8%	14,2%	≥ 13%

Hér fyrir neðan má sjá þróun helstu rekstrarstærða á fyrri árshelmingi árin 2021 – 2025:



Fyrirtækið er eins og áður háð þróun ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til styrkari stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.


Heildarfjármögnun Orkuveitu samstæðunnar á tímabilinu nam 16.833 m.kr. að markaðsvirði. Þar af voru 12.833 m.kr. fjármagnaðar með innlendra grænni skuldabréfaútgáfu. Auk þess sömdu Ljósleiðarinn og Norræni fjárfestingabankinn um verðtryggt lán í ISK að fjárhæð 4.000 m.kr. og dregið var á alla samningsfjárhæðina við undirritun.

Á tímabilinu samdi Orkuveitan við CEB um lánaramma að fjárhæð EUR 75 milljónum sem hægt er að draga á til ársloka 2028. Ekki hefur verið dregið á lánið á tímabilinu.


Í lok tímabilsins stóð álverð í 2.591,5 USD/tonn. Frá janúar til loka júní sveiflaðist verð í kringum 2.540 USD/tonn. Í apríl áttu sér stað lækkanir (2.415 USD/tonn) og hefur verð síðan hækkað með hverjum mánuði. Meðalverð á fyrstu 6 mánuðum ársins er 2.544 USD/tonn. Þróun álverðs hefur áhrif á tekjur vegna raforkusölu til stóriðju, mat á virði innbyggðra afleiðna orkusölusamninga, uppgjör áhættuvarnarsamninga og gangvirðismat þeirra. Tekjufærsla vegna breytinga á virði innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga nam 240 m.kr. á tímabilinu. Innlaun áhættuvarna meðal rekstrartekna var jákvæð og nam 9,7 m.kr. Óinnleystar gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga voru neikvæðar og námu alls 108 m.kr. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga eru gengi, vextir, áhættuálag og tími.

Áhættustýring

Hækkun vaxta getur falið í sér áhættu í rekstri og efnahag Orkuveitunnar. Orkuveitan hefur fest vexti með nýrri lántöku á föstum vöxtum og með framvirkum samningum til að draga úr áhættu. Myndin sýnir hlutfall heildarskuldbindinga hvers árs sem ber fasta vexti m.v. stöðu 30. júní 2025.



Áhættuvarnarsamningar eru gerðir til að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir lækkun álverðs og draga úr tekjusveiflum á milli ára. Samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann. Á myndinni má sjá varnarhlutföll álverðstengdra tekna þann 30. júní 2025.



Neðangreind tafla sýnir upphæðir tekna, kostnaðar og afborgana lána í erlendri mynt.

Erlend mynt (m.kr.)	Raun 2025 H1	Raun 2024 H1	Mism.	%
Tekjur í erlendri mynt	4.922	5.130	-208	-4,1%
Kostnaður í erlendri mynt	1.348	1.331	17	1,3%
Afborganir í erlendri mynt	4.016	5.048	-1.032	-20,4%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Grunnrekstur OR (EBITDA) hækkar samanbórið við sama tímabil árið 2024 um 632 m.kr. eða um 3,2%. Rekstrartekjur hækkuðu um 973 m.kr. eða 2,9% en rekstrargjöld hækkuðu um 340 m.kr. eða 2,5%. Hækkun tekna skýrist helst af auknum tekjum af rafmagni s.s. vegna gjaldskrárhækkana og aukinni sölu til stórnotenda en lækkun hefur verið í tekjum af heitu vatni vegna minni notkunar. Hækkun tekna í annarri starfsemi að mestu tengd hækkun á tekjum Ljósleiðarans.
- Aflgjald sem Landsnet innheimti á árunum 2022-2023 var dæmt óheimilt í Hæstarétti. Endurgreiðsla aflgjaldsins nam 450 m.kr. og kemur til lækkunar á kostnaði við orkuflutning tímabilinu. Ef horft er framhjá áhrifum endurgreiðslunar á lækkun kosntaðar væri EBITDA H1 183 m.kr. hærri en árið 2024 H1 eða 0,9%.
- Rekstrarniðurstaðan var jákvæð um 4,9 ma.kr. á tímabilinu sem er hækkun um 635 m.kr. milli ára. Meginskýring á hækkun afkomu er vegna lækkunar á tekjum.
- Eignir OR lækkuðu um 1,6 ma.kr. frá ársbyrjun eða um 0,3%. Vaxtaberandi skuldir hækkuðu úr 205 ma.kr í 208 ma.kr. eða um 17%. Eiginfjárhlutfall OR lækkaði á tímabilinu í 50,1% úr 52,1% í ársbyrjun.
- Handbært fé nam 20,6 ma.kr. og hækkar um 6 ma.kr miðað við sama tímabil í fyrra. Sterk staða handbærs fjár frá rekstri gerir OR kleift að standa undir háum afborgunum.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 34,6 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 32,4 ma.kr. og hefur lækkað um 6,3 ma.kr. frá ársbyrjun 2025.
- Kennitölur fyrirtækisins eru yfir markmiðum arðgreiðsluskilyrða. Gjaldeyrisáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá ON Power. Á fyrri helmingi ársins 2025 voru tekjur í erlendri mynt 4,9 ma.kr. á meðan kostnaður og afborganir í erlendri mynt námu 5,4 ma.kr. Dregið hefur úr afborgunum í erlendri mynt um rúman 1 ma.kr. borið saman við fyrirluta síðasta árs.



Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Framlegð Orkuveitu Reykjavíkur (EBITDA / rekstrartekjur) er 58,8% á tímabilinu en var 58,6% á sama tímabili árið 2024. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs. Að sama skapi er mikilvægt að félagið hafi á hverjum tíma getu til að greiða eigendum sínum eðlilegan arð af því fé sem bundið er í félaginu.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.)	Raun 2025_06	Áætlun 2025_06	Breyting	%	Raun 2024_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.819	2.836	-17	-1%	2.601	218	8%
Rekstrargjöld	-2.786	-2.827	41	-1%	-2.510	-276	11%
EBITDA	126	119	7	6%	161	-34	-21%
EBIT	32	9	23	259%	91	-58	-64%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	20	-7	27	-415%	21	-1	-3%
Rekstrarniðurstaða	53	3	50	n/a	112	-59	-53%

Rekstrarniðurstaða: Niðurstaða tímabilsins er jákvæð um 53 m.kr. sem er ríflega helmingi minna en á sama tíma 2024.



Rekstrartekjur: Heildartekjur fyrstu sex mánuði ársins eru um 218 m.kr. (8%) hærri miðað við sama tímabil 2024. Helsta skýring fyrir utan verðlagshækkanir á milli tímabila er hækkun á rekstarframlagi eigenda til að fjármagna fjögun starfsmanna í varðilinu.

Tekjur (m.kr.)	Raun 2025_06	Áætlun 2025_06	Breyting	%	Raun 2024_06	Breyting	%
Framlag eigenda til rekstrar	1.408	1.408	0	0%	1.259	148	12%
Framlag eigenda í fjárfestingasjóð	59	59	0	0%	55	3	6%
Framlag eigenda til almannavarnanefndar	22	22	0	0%	12	10	86%
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga	1.161	1.215	-54	-4%	1.117	44	4%
Aðrar sértekjur og óreglulegir tekjuliðir	98	69	29	43%	90	7	8%
Húsaleigutekjur	72	65	7	11%	67	5	7%
	2.819	2.836	-17	-1%	2.601	218	8%

Rekstrargjöld:

Gjöld (m.kr.)	Raun 2025_06	Áætlun 2025_06	Breyting	%	Raun 2024_06	Breyting	%
Launakostnaður	2.295	2.352	-57	-2%	2.054	242	12%
Annar rekstrarkostnaður	397	365	32	9%	387	11	3%
Afskriftir	94	110	-16	-15%	70	24	34%
	2.786	2.827	-41	-1%	2.510	276	11%


Heildarrekkstrarkostnaður fyrstu sex mánuði ársins er um 276 m.kr. (11%) hærri miðað við sama tímabil 2024. Launakostnaður tímabilsins er um 242 m.kr. (12%) hærri, helstu skýringar má rekja til fjölgunar starfsmanna í varðlinu og kjarasamningsbundina launahækkanna. Í apríl 2025 var skrifað undir nýjan kjarasamning, sem gildir til 31. mars 2028. Annar rekstrarkostnaður er um 11 m.kr. (3%) hærri en á sama tíma 2024, sem rekja má til verðlagsbreytinga milli ára.



Efnahagur:


Efnahagur (m.kr.)	30/06/2025	31/12/2024	Breyting	%
Fastafjármunir	2.938	2.770	168	5,7%
Veltufjármunir án handb.fjár	193	186	7	3,5%
Handbært fé	963	1.043	-80	-8,3%
Eignir samtals	4.094	4.000	95	2,3%
Eigið fé	2.999	2.946	53	1,8%
Langtímaskuldir	187	192	-4	-2,4%
Næsta árs afborganir langt. skulda	18	18	0	0,0%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	890	844	46	5,2%
Skuldir samtals	1.096	1.054	42	3,8%
Skuldir og eigið fé samtals	4.094	4.000	95	2,3%

Eiginfjárlutfall SHS í lok tímabilsins er um 73,24%, en var í lok árs 2024 um 73,7%. Eina langtímaskuld samstæðunnar er við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns sem tekið var vegna byggingar slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.



Fyrir liggur samþykkt áætlun um framtíðar uppbyggingu Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu. Fyrsti áfangi er bygging á nýrri útkallsstöð við Tónahvarf í Kópavogi. Stöðin er viðbót við þær sem fyrir eru og því mun þurfa að fjölga slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum til að manna nýja stöð. Gert var ráð fyrir að ný stöð yrði tekin í notkun 2027, en nú er ljóst svo verður ekki, þar sem afhending lóðar hefur enn ekki átt sér stað. Annar áfangi felur m.a. í sér að starfsemi í Skógarhlíð flyst í nýja björgunarmiðstöð og samhliða því yrði fundin ný staðsetning fyrir útkallstöðina í Skógarhlíð á BSÍ reitnum eða þar í nágrenni. Jafnframt er gert ráð fyrir að byggð verði ný útkallsstöð í björgunarmiðstöðinni eða þar í nágrenni sem myndi þá leysa stöðina á Tunguhálsi af hólmi. Þriðji og síðasta áfangi gerir ráð fyrir að nýrri stöð verði bætt við í Hafnarfirði til að bæta viðbragðstíma á Völlum og nágrenni.

Sjóðstreymi:





Handbært fé í lok tímabilsins er 963 m.kr.

Fjárfestingar tímabilsins eru samtals 267 m.kr., þar vegur þyngst viðhald fasteigna 156 m.kr og 101 m.kr. vegna fjárfestinga í tengslum við uppbyggingu á æfingasvæðinu í Hafnarfirði og öðrum búnaði fyrir slökkvistarf.

Fjöldi útkalla:

Fyrstu sex mánuðir ársins var ríflega 19 þúsund útköll vegna sjúkraflutninga, sem er um 1200 færri miðað við sama tímabili 2024. Heildarfjöldi útkalla sem verða að flutningi sjúklings eru um 15 þúsund eða um 81%, sem er svipað hlutfall og í fyrra.

Fjöldi útkalla hjá slökkviliðinu er 685 fyrstu sex mánuði ársins sem er sambærilegt miðað við sama tímabil 2024. Útköll slökkviliðsins sveiflast meira milli ára og eru ástæður þess m.a. mismargir sinueldar og óveðursútköll milli ára.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar tímabilið janúar-júní árin 2021-2025:

SHS samstæðan	2021_06	2022_6	2023_6	2024_6	2025_6
Eiginfjárhlutfall	74,7%	74,5%	74,5%	75,9%	73,2%
Arðsemi eigin fjár	23,9%	-3,0%	2,4%	8,2%	3,6%
Veltufjárhlutfall	1,30	1,55	1,59	1,48	1,27
Langtímaskuldir/eigið fé	8,9%	8,5%	8,1%	7,1%	6,2%
Uppgreiðslutími	0,3	2,8	1,0	0,6	0,7
Heildarskuldir/rekstrartekjum	18,8%	19,1%	18,4%	17,2%	19,4%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	15,1%	1,8%	4,6%	7,3%	5,4%
Framlegð (EBIDTA)/restrartekjur	15,2%	1,7%	3,8%	6,2%	4,5%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaðan var 59 m.kr. lægri en á fyrri hluta ársins 2024. Helsta ástæðan er aukinn launakostnaður umfram tekjur.
- Rekstrargjöld voru 276 m.kr. hærri en á sama tímabili 2024 en rekstrargjöld voru innan áætlunar. Aukinn rekstrarkostnaður skýrist bæði af fjölgun starfsmanna í varðliðinu og kjarasamningsbundnum launahækkunum.
- Vegna uppgjörs reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SHS miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,296% árið 2025 en 56,577% árið 2024:


Hlutur Reykjavíkur í rekstri SHS bs (m.kr.)	Raun 2025_06	Raun 2024_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	1.593	1.472	122	8%
Rekstrargjöld	-1.575	-1.420	-155	11%
EBITDA	71	91	-20	-21%
EBIT	18	51	-33	-64%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	12	12	0	-3%
Rekstrarniðurstaða	30	63	-33	-53%

SORPA bs.

SORPA bs. (m.kr)	Raun 2025_06	Áætlun 2025_06	Breyting	%	Raun 2024_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.759	4.158	-399	-9,6%	3.857	-98	-2,5%
Rekstrargjöld	-3.399	-3.623	224	-6,2%	-3.530	131	-3,7%
EBITDA	585	862	-277	-32,1%	534	51	9,6%
EBIT	361	534	-173	-32,5%	328	33	10,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-157	-139	-18	13,0%	-116	-41	35,3%
Rekstrarniðurstaða	203	395	-192	-48,6%	211	-8	-3,7%

Rekstrarniðurstaða: Hagnaður tímabilsins er 203 m.kr. sem er um 8 m.kr. lægri en árið 2024. Hagnaður á fyrri hluta árs 2024 var 211 m.kr. og lækkar því um 3,7%.

Tekjur minnka 98 m.kr. eða 2,5% milli tímabila. Að teknu tilliti til óreglulegra liða þar sem leiðrétting í janúar upp á -84 m.kr. gagnvart Úrvinnslusjóði og greiðsla frá Úrvinnslusjóði upp á 77 m.kr. vegna jan-feb 2025 tekjufærðist ekki fyrr en 1.7.2025.



Rekstur gashreinsistöðvarinnar var aðskilinn frá rekstri SORPU í Metan ehf. þann 1.1.2025 og lækkar það ennfreður tekjur samlagsins um 140 m.kr. Tap varð á rekstri Metan upp á 50 m.kr. á fyrri helmingi ársins en ný gjaldskrá tók gildi 1.7.2025 og er reiknað með að tapið vinnist tilbaka á seinni hluta ársins.

Magn úrgangs minnkar frá árinu á undan eða um 4,19% hjá samlaginu og munar þar mestu að magn óflokkaðs úrgangs minnkar um 48,76%. Hefur það áhrif á tekjur samlagsins þar sem um er að ræða einn kostnaðarsamasta úrgangsflokkinn. Vel hefur tekist að halda rekstrarkostnaði niðri en hann lækkar um 131 m.kr. á milli ára eða 3,7%. Er það m.a. vegna árangurs í innvistun á ákveðnum þjónustupáttum. Í lok tímabilsins var veltufjárhlutfall samlagsins 1,37 sem er vel yfir markmiði samlagsins um að hafa það yfir 1,0.

Magntölur	2021_6m	2022_6m	2023_6m	2024_6m	2025_06	Breyting 2024_06 -2025_06
Endurvinnslustöðvar gjaldtekið inn (m3)	19.978	15.308	16.800	16.762	19.326	15,3%
Endurvinnslustöðvar út (tonn)	27.187	22.218	23.401	23.442	26.305	12,2%
Móttökustöð (tonn)	45.770	45.121	37.310	39.377	37.044	-5,9%
Álfsnes (tonn)	73.961	79.392	67.027	28.238	32.436	14,9%
GAJA (tonn)			15.713	10.827	10.326	-4,6%

Heimsóknir	2021_6m	2022_6m	2023_6m	2024_6m	2025_06	Breyting 2024_06 -2025_06
Endurvinnslustöðvar (fjöldi ökutækja)	471.167	430.085	449.786	493.805	483.634	-2,1%
Móttökustöð (fjöldi sölup)	24.898	24.834	21.644	24.084	20.803	-13,6%
Álfsnes (fjöldi sölup)	6.552	7.107	8.364	5.072	11.106	119,0%
GAJA (fjöldi sölup)	109	1.072	1.928	1.887	1.906	1,0%

Endurvinnslustöðvar	2021_6m	2022_6m	2023_6m	2024_6m	2025_06	Breyting 2024_06 -2025_06
Tekjur í hliði (þkr)	111.847	113.939	138.389	155.953	190.431	12,7%
Endurnýtingarhlutfall	63,3%	68,9%	84,0%	82,5%	74,4%	-1,7%

Endurvinnslustöðvar eru reknar skv. þjónustusamningi samlagsins við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur þeirra eru ávallt jafnháar gjöldum og hefur rekstur þeirra því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins. Umferð á endurvinnslustöðvunum minnkar milli ára eða um 2%. Magn frá endurvinnslustöðvunum eykst umtalsvert milli ára eða um 11,9% en tekjur í hliði hækka um 32% á milli ára eða 46 m.kr. og eru 190 m.kr. á fyrri hluta ársins. Hefur þessi aukning á magni haft þau áhrif að eyðingargjöld hafa hækkað um 146 m.kr. milli ára um 108 m.kr. umfram áætlun.

Aðstæður á endurvinnslustöðvunum eru misgóðar þar sem magn inn á stöðvarnar hefur aukist mikið síðast liðin ár ásamt því að flokkum fjölgar stöðugt, plássleysi er því farið að hamla áframhaldandi þróun stöðvanna. Kópavogsbær hefur frestað lokun

á endurvinnslustöðinni á Dalvegi fram í febrúar 2026. Stöðinni á Sævarhöfða verður lokað vorið 2026 og ný stöð opnar á Lambhagavegi á sama tíma. Útlit er fyrir að framkvæmdar- og kostnaðaráætlun muni standast.


Rekstrartekjur

Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2025_06	Áætlun 2024	Mism.	%	Raun 2024_06	Mism.	%
Gufunes	2.590	3.067	-477	-15,6%	2.428	162	6,7%
Álfsnes	873	893	-20	-2,2%	1.152	-279	-24,2%
EVST og Grenndarg.	1.435	1.396	39	2,8%	1.135	300	26,4%
Góði Hirðirinn	332	341	-9	-2,6%	323	9	2,7%
Innri viðskipti	-1.472	-1.541	69	-4,5%	-1.182	-290	24,6%
	3.758	4.156	-398	-9,6%	3.857	-99	-2,6%

Rekstrartekjur hækkuðu um 2,5% milli ára eða um 98 m.kr. Frávik frá áætlun eru -398 m.kr. eða 9,6%.

Helstu skýringar á þessari lækkun á tekjum liggja í:

- Minna magn hjá Gufunes (MTFS): -231 m.kr.
- Leiðréttingu vegna Úrvinnslusjóðs: -84 m.kr.
- Tafar á uppgjöri Úrvinnslusjóðs: 77 m.kr.
- Samtals 392 m.kr.




Rekstrargjöld hækka um 3,7% milli ára eða um 131 m.kr.en voru 224 mkr undir áætlun eða 6,2%. Helsti munur frá áætlun er vegna:

Laun hækka 16,3% milli ára eða um 187 mkr en eru 4,42% yfir áætlun. Fjöldi ársverka jókst úr 162 í 174.

Móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs er 13,17% undir áætlun eða um 316 mkr og lækkaði um 128 mkr eða 5,7% frá árinu á undan. Þessi breytingar skýrast fyrst og fremst af því magn hefur minnkað milli ára.

Rekstur húsnæðis og lóðar var 3,8 undir áætlun eða um 14 mkr en hækkaði um 2% eða 7 mkr. frá árinu á undan.


Rekstur endurvinnslustöðva er búinn að vera áskorun á tímabilinu og reyndust tekjur umfram gjöld 0,6 mkr. Tekjur stöðvanna voru um 52 mkr yfir áætlun eða 4,21%. Rekstrargjöld voru um 91 mkr yfir áætlun eða 7,49% en skýringin á því er að magn hefur aukist umtalsvert meira en áætlanir gerðu ráð fyrir og er kostnaður við afsetningu 108 mkr yfir áætlun. Rekstur endurvinnslustöðva er gerður upp á núlli sem þýðir að ef tekjur tímabilsins eru umfram rekstrargjöld er sveitarfélögum endurgreiddur rekstrarafgangur tímabilsins og á móti ef að gjöld eru umfram tekjur að þá eru sveitarfélögin rukkuð um það sem upp á vantar. Má fastlega gera ráð fyrir að rekstur endurvinnslustöðva verði neikvæður og gera áætlanir ráð fyrir um 60-100 mkr halla á endurvinnslustöðvum vegna aukins magns sem skilað er til þeirra. Stjórnendur endurvinnslustöðvanna og SORPU fylgjast vel með stöðunni og leita allra leiða til að takmarka mögulegan halla.




Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2025	31.12.2024	Breyting	Breyt %
Fastafjármunir	8.565	8.245	320	4%
Veltufjármunir án handb.fjár	1.023	753	270	36%
Handbært fé	622	509	113	22%
Eignir samtals	10.209	9.506	703	7%
Eigið fé	6.240	6.037	203	3%
Skuldbindingar	487	487	0	0%
Langtímaskuldir	2.281	1.925	356	18%
Næsta árs afborganir langt. skulda	247	215	32	15%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	954	842	112	13%
Skuldir samtals	3.969	3.469	500	14%
Skuldir og eigið fé samtals	10.209	9.506	703	7%


Sjóðstreymi



Veltufé



Fjárfestingar



Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að fráðregnum seldum rekstrarfjármunum.

Eignabreytingar janúar-júní 2025

Fjárfestingar á tímabilinu voru 598 m.kr. en fjárfestingaráætlun ársins er að fjárhæð 771 m.kr. Eru fjárfestingar því örlítið meiri á fyrri hluta ársins og er reiknað með að fjárfestingaráætlun ársins standist.

Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur samlagsins tímabilið janúar - júní árin 2021-2025:

SORPA bs.	2021_06	2022_06	2023_06	2024_06	2025_06
Eiginfjárhlutfall	57,2%	58,1%	58,2%	61,5%	61,1%
Arðsemi eigin fjár	7,5%	19,6%	2,2%	7,3%	6,7%
Veltufjárhlutfall	0,74	1,28	1,11	1,11	1,37
Langtímaskuldir/eigið fé	48,1%	40,6%	36,6%	33,2%	36,5%
Uppgreiðslutími	3,5	1,6	3,2	2,4	2,5
Heildarskuldir/rekstartekjum	81,6%	68,4%	67,1%	48,6%	52,8%
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	16,4%	26,8%	11,7%	11,9%	13,4%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	17,6%	27,8%	13,6%	13,8%	15,6%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjorsreglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt samlagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SOPRU miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,296% 2025 en fyrir árið 56,577% 2024

Hlutur Reykjavíkur í rekstri SORPU bs. (m.kr.)	Raun 2025_06	Raun 2024_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.116	2.182	-66	-3,0%
Rekstrargjöld	-1.913	-1.997	84	-4,2%
EBITDA	329	302	27	9,0%
EBIT	203	185	18	9,6%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-89	-66	-23	34,6%
Rekstrarniðurstaða	114	119	-5	-4,2%

- Hagnaður samlagsins á fyrri helmingi ársins 2025 var 203 m.kr. sem er 192 m.kr. lakari afkoma en áætlun gerði ráð fyrir. Frávikið skýrist að nokkru leyti af að tekjur frá Úrvinnslusjóði 77 m.kr. vegna janúar og febrúar voru ekki tekjufærðar fyrr en í júlí.
- Kennitölur samlagsins eru áfram sterkar. Veltufjárhluftall er nú 1,37 miðað við 1,11 fyrir ári síðan. Arðsemi eiginfjár í lok tímabils er 6,7% miðað við 7,3% árið á undan. EBITDA í hlutfalli rekstrartekna er 15,6% en var 13,8% fyrir ári síðan.
- Bygging nýrrar endurvinnslustöðvar á Lambhaga er í fullum gangi og er tíma- og kostnaðaráætlun á áætlun. Byggingin er fjármögnuð með heimild til lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 1.345 m.kr.
- Þá hefur lán SORPU hjá Íslandsbanka að fjárhæð 633,3 m.kr. verið endurfjármagnað hjá Lánasjóði sveitarfélaga.
- Áfram er verið að leita hagræðingatækifæra í rekstrinum til að gera hann skilvirkari og eru þá bæði kostir innvistunar og útvistunar á þjónustu skoðaðir.
- Vinnuhópur við ESA verkefnið er búinn að skila af sér tillögum til stjórnar og eru þær núna til skoðunar á eigendavettvangi sem mun ákveða næstu skref. Mikil vinna mun verða á næstu mánuðum við að innleiða þær breytingar sem lagðar eru til.
- Kópavogsbær hefur frestað lokun Dalvegjar fram í febrúar 2026.
- Unnið er áfram að skoðun á hagkvæmni þess að opna hátæknibrennslu og reikna má með að niðurstaða komist í það mál fyrir næstu áramót.


Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2025_06	Áætlun 2025_06	Breyting	%	Raun 2024_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	6.484	7.220	-736	-10%	5.836	648	11%
Rekstrargjöld	-6.047	-6.985	938	-13%	-5.459	-588	11%
EBITDA	437	235	202	86%	378	60	16%
EBIT	311	121	190	157%	264	48	18%
Fjármagnsliðir	-61	-78	17	-22%	-75	15	-19%
Rekstrarniðurstaða	251	43	207	477%	188	62	33%

Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 251 m.kr. sem er um 207 m.kr. betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Helsti áhrifaþátturinn var lægri rekstrargjöld en áætlað, einkum vegna þess að þjónustuaukning sem gert var ráð fyrir í upphafi árs, var frestað til haustsins. Það hafði í för með sér bæði lægri launakostnað og minni aksturskostnað. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA), skilaði 437 m.kr. í afgang sem var um 202 m.kr yfir áætlun og 60 m.kr. hærri en sama tímabil árið áður.

Þróunin á myndinni sýnir að rekstur Strætó hefur styrkst jafnt og þétt síðustu þrjú ár. Árið 2023 var rekstrarniðurstaða neikvæð og framlegð lítil, en árið 2024 náðist jákvæð niðurstaða og árið 2025 jókst hún enn frekar. Bæði rekstrarniðurstaða og framlegð hafa þannig færst upp á við, sem endurspeglar árangur í kostnaðarstýringu og bættum rekstrarafköstum.

Þessi jákvæða þróun hefur átt sér stað þrátt fyrir að undanfarið hafi aukin verðbólga og launakostnaði haft veruleg neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Fjárhagsstaðan hefur þó styrkst á síðustu misserum, ekki síst vegna aukins rekstrarframlags frá eigendum og ríki. Til framtíðar er hins vegar nauðsynlegt að halda áfram að bæta afkomu, ekki eingöngu til að mæta sveiflum í rekstri, heldur einnig til að standa undir auknum kröfum um sjálfbærni, orkuskipti í samgöngum og verkefni sem tengjast eflingu almennings-samgangna, svo sem Borgarlínu.

Rekstrartekjur tímabilsins voru 6.484 m.kr. sem er 736 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir, eða um 10% frávik til lækkunar. Í samanburði við sama tímabil árið 2024 jukust tekjur þó um 648 m.kr. sem endurspeglar jákvæða þróun milli ára.



Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2025_06	Áætlun 2025_06	Breyting	%	Raun 2024_06	Breyting	%
Fargjöld	1.091	1.232	-141	-11%	1.046	45	4%
Rekstrarframlög eigenda	3.037	3.193	-156	-5%	3.187	-150	-5%
Ríkisframlag	1.062	1.573	-510	-32%	453	609	135%
Pant akstursþjónusta	1.022	1.003	19	2%	902	119	13%
Aðrar tekjur	273	220	53	24%	248	25	10%
	6.484	7.220	-736	-10%	5.836	648	11%

Fargjöld námu 1.091 m.kr. sem er 141 m.kr. lægri en áætlað var (11% undir áætlun), en 45 m.kr. herra en í júní 2024. Lækkunin frá áætlun skýrist einkum af því að þjónustuaukning, sem gert var ráð fyrir að kæmi til framkvæmda í upphafi árs, var frestað til haustsins. Þessi frestun hafði í för með sér að bæði áætluð tekjuaukning vegna aukins farþegafjölda og hærri kostnaður komu ekki fram á tímabilinu.

Auk þess hefur farþegafjöldi dregist saman, sem virðist að mestu skýrast af biðtímum milli vagna og seinkunum sem rekja má til umferðarástands. Gert er ráð fyrir að þjónustuaukningin að hausti muni að einhverju leyti bæta stöðuna með aukinni tíðni ferða. Hins vegar er lítið hægt að gera til skemmri tíma við töfum sem orsakast af umferð, þar sem úrbætur á því sviði krefjast lengri undirbúnings og eru meðal annars hluti af Borgarlínuverkefninu, þar sem forgangsakreinar fyrir Strætó munu gegna lykilhlutverki.

Rekstrarframlög eigenda voru 3.037 m.kr., eða 156 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Þetta er 150 m.kr. lækkun frá sama tímabili árið 2024. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af því að hluti framlags sveitarfélaganna hefur verið ráðstafað til stofnfjár hins nýja félags. Framlögin ráðast annars af samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélaganna og eru verðbætt í samræmi við Strætóvísitölu og spá Hagstofu Íslands.

Ríkisframlag nam 1.062 m.kr., sem er 510 m.kr. undir áætlun en 609 m.kr. hærra en árið áður. Lægra framlag en áætlað var skýrist aðallega af því að fyrirhuguð þjónustuaukning í upphafi árs var frestað til haustsins, sem leiddi til minni þörf á framlagi á tímabilinu. Einnig frestaðist fyrirhuguð skipting Strætó í tvö félög, sem samkvæmt samgöngusamkomulaginu hefði falið í sér aukið fjármagn frá ríkinu. Þrátt fyrir að framlagið hafi verið undir áætlun var það þó hærra en á sama tímabili árið áður, sem skýrist af aukinni aðkomu ríkisins í samræmi við uppfærðan Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, þar sem ríkið kemur sterkar inn til að efla almenningssamgöngur.

Tekjur af þöntunarakstursþjónustu voru 1.022 m.kr., sem er í samræmi við áætlun og 119 m.kr. hærra en á sama tímabili árið 2024. Þjónustan hefur aukist í umfangi milli ára og er mikilvægur hluti af aðgengi fatlaðs fólks og eldri borgara að samgöngum.

Aðrar tekjur námu 273 m.kr., sem er 53 m.kr. yfir áætlun og 25 m.kr. hærra en á sama tímabili árið áður. Þessar tekjur samanstanda meðal annars af þóknunum fyrir akstursþjónustu, verkefnum á landsbyggðinni og öðrum þjónustuverkefnum í samstarfi við sveitarfélög.

Þrátt fyrir að heildartekjur hafi verið undir áætlun í júní 2025 er árangurinn milli ára jákvæður. Frávik frá áætlun má aðallega rekja til frestunar á þjónustuaukningu eins og áður hefur komið fram sem hafði bæði tekju- og kostnaðarleg áhrif. Auknar tekjur frá ríki og öðrum þjónustuverkefnum, styðja við fjárhagslegan stöðugleika félagsins.

Rekstrargjöld voru um 6.047 m.kr. eða 588 m.kr lægri en sama tímabili 2024.

Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2025_06	Áætlun 2025_06	Breyting	%	Raun 2024_06	Breyting	%
Laun og launatengd gjöld	1.751	1.912	-160	-8%	1.678	74	4%
Rekstur vagna og aðkeyptur akstur	2.827	3.683	-856	-23%	2.512	315	13%
Pant akstursþjónusta	1.022	1.003	19	2%	902	119	13%
Annar rekstrarkostnaður	447	388	59	15%	366	80	22%
	6.047	6.985	-938	-13%	5.459	588	11%

Laun og launatengd gjöld námu 1.751 m.kr. á fyrrihluta ársins 2025, sem er 160 m.kr. lægra en gert var ráð fyrir í áætlun, eða 8%. Í samanburði við sama tímabil árið 2024 hækkaði launakostnaður og tengd gjöld þó, í takt við launahækkanir og almenna kostnaðarþróun.

Helsta ástæða fráviksins frá áætlun er frestun fyrirhugaðrar þjónustuaukningar frá upphafi árs til hausts, og þar með seinkun á ráðningu starfsfólks. Þrátt fyrir tímabundinn sparnað vegna frestunar þjónustuaukningar er gert ráð fyrir að launakostnaður hækki á síðari hluta ársins þegar þjónustuaukningin tekur gildi og mönnun aðlagast auknum kröfum um þjónustu.


Rekstur vagna og aðkeyptur akstur nam samtals 2.827 m.kr., sem er 315 m.kr. meira en á sama tímabili árið 2024, eða 13% hækkun milli ára.

Helsta ástæða hækkunarinnar er aukinn kostnaður vegna aðkeypts aksturs. Nýtt útboð á akstursþjónustu tók gildi í ágúst 2024 og hafði það í för með sér hærri verktakagreiðslur en áður. Að auki hefur hækkun verðlags haft áhrif, þar sem greiðslur til verktaka eru verðbættar í samræmi við breytingar á launavísitölu, olíuverði og neysluvísitölu.



Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2025_06	Raun 2024_06	Mism.	%
Aðkeyptur akstur	2.402	2.058	344	17%
Viðhalds og viðgerðakostnaður	127	125	3	2%
Orkugjafir	180	225	-45	-20%
Annar rekstrarkostnaður vagna	118	104	13	13%
	2.827	2.512	315	13%

Orkugjafar, þar með talin olía, rafmagn og metan, lækkuðu um 20% milli ára. Akstursmagn hefur verið svipað, en lækkunin skýrist að mestu af minni kostnaði við orkukaup, einkum vegna lægra lítraverðs á olíu. Strætó leggur jafnframt áherslu á að nýta rafmagnsvagna eins mikið og mögulegt er, sem dregur úr eldsneytisnotkun og styrkir markmið um umhverfisvænni rekstur. Annar rekstrarkostnaður vagna hækkaði um 13 m.kr., aðallega vegna þess að Strætó þurfti að taka vagna á leigu til að mæta tímabundinni stöðu vagnaflotans. Sem stendur eru þír vagnar í leigu hjá félaginu.



Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 3.395 m.kr. í lok júní 2025, samanborið við 3.052 m.kr. í árslok 2024, sem er hækkun um 343 m.kr. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af aukningu í veltufjármunum, þar sem m.a. handbært fé jókst nokkuð frá áramótum


Fastafjármunir námu 1.536 m.kr., samanborið við 1.641 m.kr. í árslok 2024. Lækkunin stafar einkum af afskriftum á strætisvögnum og öðrum ökutækjum, innréttingum og hugbúnaði, sem vegur þyngra en nýjar fjárfestingar á tímabilinu. Á fyrri hluta ársins var fjárfest fyrir 21 m.kr. í áhöldum, tækjum og hugbúnaði til að styðja við daglegan rekstur.

Veltufjármunir voru 1.250 m.kr. í lok júní 2025, samanborið við 853 m.kr. í árslok 2024. Þar vó hækkun handbærs fjár þýngst, sem fór úr 367 m.kr. í 551 m.kr.

Eiginfjárstaða félagsins hefur batnað frá árslokum 2024. Eigin fé var jákvætt um 90 m.kr. í lok júní 2025, samanborið við neikvætt eigið fé upp á 161 m.kr. í árslok 2024. Bati í eiginfjárlutfalli endurspeglar jákvæða rekstrarniðurstöðu fyrstu sex mánaða ársins.

Skuldir námu alls 3.240 m.kr., samanborið við 3.213 m.kr. í árslok 2024. Langtímaskuldir lækkuðu lítillega og námu 1.525 m.kr., en skammtímaskuldir hækkuðu um 47 m.kr. og voru 1.453 m.kr. í lok júní 2025. Aukning skammtímaskulda tengist meðal annars hækkun viðskiptaskulda, sem fóru úr 696 m.kr. í 822 m.kr., en aðrar skammtímaskuldir lækkuðu á sama tíma.

Sjóðstreymi



Handbært fé í upphafi árs nam 367 m.kr. og jókst um 184 m.kr. á fyrri hluta ársins 2025, þannig að handbært fé í lok júní nam 551 m.kr.

Veltufé frá rekstri var jákvætt um 403 m.kr., sem er helsti drifkraftur hækkunar á handbæru fé á tímabilinu. Jákvætt sjóðstreymi frá rekstri endurspeglar betri rekstrarafkomu og stöðugt innstreymi rekstrartekna.


Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum leiddu til útstreymis að fjárhæð 135 m.kr. Þetta tengist meðal annars hækkun viðskiptakrafna og hækkun viðskiptaskulda á tímabilinu.

Fjárfesting nam 21 m.kr. og tengist aðallega fjárfestingu í áhöldum, tækjum og hugbúnaði til að styðja við rekstur félagsins.

Ný lán voru ekki tekin á tímabilinu, en afborganir lána námu 63 m.kr.

Heildarniðurstaðan var jákvætt sjóðstreymi upp á 184 m.kr., sem skýrist af jákvæðu veltufé frá rekstri umfram fjárfestingar og afborganir lána. Sterkari handbær staða í lok júní 2025 veitir félaginu aukið svigrúm til að mæta skuldbindingum sínum og fjármagna rekstrar- og fjárfestingartengd verkefni.

Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda, skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er, því meiri er geta félagsins til vaxtar og viðhalds eigna. Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var 6% í lok júní 2025 og hefur haldist stöðugt frá miðju ári 2024. Það er talsvert betri staða en á árinu 2023 þegar hlutfallið var einungis 1% og sérstaklega miðað við neikvæða stöðu árið 2022 þegar hlutfallið fór niður í -9%. Viðsnúningur hefur því orðið verulegur á síðustu tveimur árum og bendir til aukins stöðugleika og bættrar rekstrarafkomu,



Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur Strætó fyrir janúar – júní árin 2021-2025:

Strætó	2021_06	2022_06	2023_06	2024_06	2025_06
Eiginfjárhlutfall	32,9%	7,0%	-4,2%	-5,8%	2,7%
Veltufjárhlutfall	0,7	0,8	0,7	0,6	0,9
Heildarskuldir/rekstrartekjum	25,8%	37,3%	30,9%	27,4%	25,0%
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	-2,5%	-9,0%	1,0%	5,8%	6,2%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	-2,2%	-8,4%	1,7%	6,5%	6,7%

Síðustu 5 ár hafa einkennst af erfiðleikum í rekstri og háu skuldahlutfalli. Frá og með árinu 2023 hefur hins vegar orðið viðsnúningur með jákvæðri framlegð, bættri lausafjárstöðu og lægri skuldahlutföllum. Í lok júní 2025 er eigið fé orðið jákvætt á ný og reksturinn sýnir batamerki. Þrátt fyrir framfarir er fjárhagsstaða enn viðkvæm og mikilvægt að halda áfram að styrkja eigið fé og lausafjárstöðu til að tryggja stöðugleika til framtíðar.

Áhættustjórnun

Strætó bs. hefur innleitt heildstæða áhættustýringu sem felur í sér greiningu, mat og viðbrögð við helstu áhættuþáttum í starfseminni. Unnið er að formlegri áhættustefnu sem skilgreinir áhættuþol og áhættuvilja félagsins með það að markmiði að draga úr óvissu, auka öryggi og tryggja áreiðanlegan rekstur.

Helstu áhættuþættir tengjast rekstri, fjármálum og ytri aðstæðum. Fjárhagsleg áhætta felur í sér sveiflur í tekjum, breytingar á opinberum framlögum og óvæntar kostnaðarhækkanir. Rekstrarleg áhætta snýr að truflunum í þjónustu, tæknilegum örðugleikum og skorti á starfsfólki. Löggjafar- og reglugerðaráhætta getur kallað á breytingar í rekstri vegna nýrra krafa um öryggi og umhverfismál. Markaðsáhætta tengist breyttum ferðavenjum og samkeppni frá öðrum samgöngumátum, en orku- og umhverfisáhætta felur í sér hækkandi orkuverð og aðgengi að vistvænum orkugjöfum.

Strætó leggur áherslu á reglulegt mat á þessum þáttum og mótun aðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra. Með skýrri áhættustýringu og innra eftirliti er tryggt að félagið geti mætt áskorunum og stuðlað að skilvirkum, öruggum og sjálfbærum almenningssamgöngum.

Rekstur Strætó er að stórum hluta háður framlögum frá sveitarfélögum og ríki, sem geta verið breytileg eftir fjárhagsstöðu og forgangs röðun hverju sinni. Óvissa um fjárveitingar getur haft áhrif á þjónustustig og getu félagsins til að viðhalda eða þróa almenningssamgöngur til framtíðar.

Aðlögun leiðakerfisins að Borgarlínunni er stórt verkefni sem mun hafa veruleg áhrif á starfsemina. Markmiðið er að bæta almenningssamgöngur og auka notendavænleika, en breytingarnar gætu tímabundið haft áhrif á núverandi farþega og krafist viðbótarúrræða til að tryggja samfellda þjónustu á meðan umbreytingin fer fram.

Hækkandi rekstrarkostnaður, meðal annars vegna launahækkana, viðhalds og orkuverðs, skapar áskoranir fyrir fjárhagsstöðu félagsins. Þessar kostnaðarbreytingar geta haft áhrif á getu Strætó til að viðhalda þjónustustigi og fjárfesta í nauðsynlegum innviðum.

Strætó vinnur að því að draga úr kolefnislosun í samræmi við stefnu stjórnvalda, en fjármögnun til að ná því markmiði hefur ekki verið að fullu tryggð.

Áhrif ytra umhverfis á starfsemi Strætó

Rafvæðing og innleiðing umhverfisvænni vagna er lykilþáttur í langtímastefnu Strætó. Þessi þróun krefst umtalsverðrar fjárfestingar í nýjum vögnum og uppbyggingar á nauðsynlegum hleðsluinnviðum til að tryggja skilvirkan og öruggan rekstur. Orkuframboð og afhendingargeta rafmagns verða lykilþættir, þar sem aðgengi að nægjanlegri raforku er forsenda fyrir öruggum og skilvirkum orkuskiptum. Samvinna við opinbera aðila, dreifiveitur og sveitarfélög er nauðsynleg til að tryggja að raforkukerfið styðji við innleiðingu rafvagna án þess að skerða afhendingaröryggi á öðrum sviðum.

Til lengri tíma mun rafvæðing Strætó draga úr rekstrarkostnaði með lægri eldsneytiskostnaði og minni viðhaldsþörf. Aftur á móti fylgja henni áskoranir, svo sem háar stofnfjárfestingar, aukið álag á rafdreifikerfið og þörf fyrir sveigjanlegt rekstrarfyrirkomulag vegna hleðslutíma.

Aukin umferð á höfuðborgarsvæðinu hefur haft veruleg áhrif á þjónustu Strætó, sérstaklega á háannatímum, þar sem seinkanir hafa orðið tíðari og ferðatími lengst. Helstu áhrifaþættir eru fjölgun ökutækja, lækkun hámarkshraða og takmarkaður forgangur strætisvagna í umferðinni. Til lengri tíma litið mun uppbygging Borgarlínunnar gegna lykilhlutverki í því að bæta skilvirkni almenningssamgangna. Með nýjum sérakreinum, forgangi í umferð og betri tengingu milli samgöngumáta verður ferðatími almenningssamgangna styttri og áreiðanleiki þeirra meiri. Uppbyggingin mun stuðla að því að gera almenningssamgöngur samkeppnishæfari valkost við einkabílinn og styðja við sjálfbærar samgöngulausnir til framtíðar.

Rekstur félagsins hefur verið krefjandi undanfarin ár, meðal annars vegna hækkandi aðfangakostnaðar umfram tekjuvöxt. Eigendur hafa lagt félaginu til aukaframlög til að bregðast við þessum áskorunum og tryggja áframhaldandi starfsemi.

Með uppfærðum Samgöngusáttmála hefur ríkið aukið fjárstuðning sinn við félagið, og á fyrstu mánuðum ársins 2025 hefur meira fjármagn borist frá ríkinu en áður.

Framtíðarhorfur

Í samræmi við uppfærðan Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, sem undirritaður var í ágúst 2024, hefur verið ákveðið að stofna nýtt félag með aðkomu ríkisins og sveitarfélaganna sem nú eiga Strætó bs. Nýja félagið mun bera ábyrgð á stefnumótun, skipulagi og rekstri almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal Borgarlínu. Markmiðið er að auka skilvirkni, bæta samhæfingu og styrkja fjárhagsramma almenningssamgangna með beinni aðkomu ríkisins, sem mun standa undir þriðjungi rekstrarkostnaðar að fráðregnum farþegatekjum.

Miðað við núverandi tímalínu er stefnt að því að verkefni sem heyra undir nýja félagið verði yfirtekin eigi síðar en um áramótin 2025/2026, á meðan önnur verkefni verða áfram á ábyrgð Strætó bs.

Innleiðing Borgarlínunnar mun jafnframt marka tímamót fyrir almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Núverandi leiðakerfi verður aðlagð með auknum forgangi almenningssamgangna og bættri tengingu milli svæða. Á haustmánuðum 2025 hefst fyrsta þjónustaukningin, þar sem m.a. tíðni ferða á lykilleiðum verður aukin. Markmiðið er að stytta biðtíma, bæta áreiðanleika og gera þjónustuna samkeppnishæfari við einkabílinn.

Áfram verður unnið að orkuskiptum og innleiðingu nýrrar tækni í rekstri Strætó. Sérstök áhersla er lögð á uppbyggingu hleðsluinnviða fyrir rafmagnsvagna, sem er lykilþáttur í orkuskiptum.

Til lengri tíma litið er markmiðið að gera almenningssamgöngur að raunhæfum og aðlaðandi valkosti fyrir farþega. Strætó mun aðlaga starfsemi sína að breyttu fyrirkomulagi í nánú samstarfi við hagaðila, með það að leiðarljósi að tryggja traustan rekstur og að almenningssamgöngur verði burðarás í sjálfbærum samgöngum höfuðborgarsvæðisins.

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Rekstur Strætó heldur áfram að styrkjast samanborið við síðustu ár og var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 251 m.kr. á fyrri hluta ársins sem var 62 m.kr. betri niðurstaða en á sama tíma árið 2024. Tekjuaukning fyrirtækisins er aðallega tilkomin vegna hækkunar ríkisframlaga en farþegafjöldi dregst saman vegna lengri biðtíma milli vagna og seinkana vegna umferðarþunga. Þjónustaukning, sem gert var ráð fyrir að kæmi til framkvæmda í upphafi árs, var frestað til haustsins. Þessi frestun hefur í för með sér að bæði áætluð tekjuaukning vegna aukins farþegafjölda og hærri kostnaður komu ekki fram á tímabilinu.
- Hækkun rekstrarkostnaðar hefur að mestu leyti verið drifin áfram af auknum kostnaði við aðkeyptan akstur, á meðan eldsneytisnotkun hefur lækkað.
- Kostnaður við aðkeyptan akstur hækkaði um 17% milli ára, eða um 344 m.kr. Helstu ástæður þessarar hækkunar eru áhrif nýs útboðs, sem tók gildi í ágúst 2024.

- Vegna uppgjörs reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri Strætó miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,296% árið 2025 en 56,577% árið 2024:

Hlutur Reykjavíkur í rekstri Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2025_06	Raun 2024_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.650	3.302	349	11%
Rekstrargjöld	-3.404	-3.089	-316	11%
EBITDA	246	213	33	16%
EBIT	175	149	26	18%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-34	-43	9	-20%
Rekstrarniðurstaða	141	106	35	33%

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Fyrir liggur samkomulag ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlegan rekstur almenningssamgangna. Breytingin mun hafa mikil áhrif á framtíðarrekstur Strætó bs. Mikilvægt er að gætt sé að fjárhagslegum hagsmunum Strætó bs. við þær breytingar.
- Kennitölur fyrirtækisins hafa batnað milli ára.

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu.

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Í lok júní 2025 áttu Félagsbústaðir 3.120 íbúðareiningar. Þar af voru 71% almennar leiguíbúðir víðs vegar um borgina, 12% þjónustuíbúðir fyrir aldraða, 15% íbúðir í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða einstaklinga og 2% íbúðaeiningar fyrir heimilislauða og 0,5% húsnæði utan kjarnastarfsemi.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir sf.** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,5551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Jafnlaunastofa sf. er samvinnufélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti Sambandi íslenskar sveitarfélaga, stofnað í nóvember 2021. Helsta hlutverk fyrirtækisins er að veita sveitarfélögum stuðning í jafnlaunamálum meðal annars með fræðslu og ráðgjöf, ásamt stuðningi við þróun greiningar- og matstækja sem stuðla að launajafnrétti og stuðla að gagnsæi launaákvæðana. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Malbikunarstöðin Höfði hf. Í upphafi árs var félagið 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en eftir slit Aflvaka í mars á Borgarsjóður 99,5% í félaginu, Orkuveita Reykjavíkur á 0,4% og Faxaflóahafnir 0,1%. Við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum þriggja fyrirtækja; Höfða, Malbikstöðvarinnar og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til suður- og vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísu, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningsskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Dótturfyrirtæki í samstæðu Orkuveitunnar eru:

Dótturfélög í samstæðunni	Meginstarfsemi
Ljósleiðarinn ehf.	Gagnaflutningar
OR Eignir ehf.	Eignarhaldsfélag
Veitur ehf.	Uppbygging og rekstur veitukerfa
Orka náttúrunnar ehf.	Vinnsla og sala rafmagns
ON Power ehf.	Vinnsla og sala rafmagns
OR - vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi
Eignarhaldsfélagið Carbfix ehf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun
Carbfix hf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun
Coda Terminal hf.	Uppbygging og rekstur á móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð.

Íþrótt- og sýningarhöllin hf. er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,8% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

SORPA bs er 58,3% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. SORPA annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Aflvaki er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið er eignarhaldsfélag og var ekki með daglegan rekstur á árinu 2025. Félaginu var slitið í mars 2025.

Þjóðarleikvangur ehf er hlutafélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti ríki og KSÍ, stofnað 12. júní 2019. Tilgangur þess er að undirbúa byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Félagið stendur fyrir þarfagreiningu og verkefnaskipulagi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.